

„Á ÉG AÐ GERA ÞAÐ?“

Skýrsla Skólapings sveitarfélaga 2017



Samband íslenskra sveitarfélaga
janúar 2018



© **Samband íslenskra sveitarfélaga 2018/02**

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100

128 Reykjavík

Höfundar efnis: Svandís Ingimundardóttir og Valgerður Ágústsdóttir

Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Svandís Ingimundardóttir

Afritun og endurprentun er heimil svo fremi að heimildar sé getið

Setningin sem rituð er á blokk á forsíðunni eru ummæli eins þátttakanda skólaþingsins í umræðum um framkvæmd opinberrar menntastefnu

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Dagskrá Skólaþings sveitarfélaga 2017	6
Niðurstöður umræðuhópa á Skólaþingi 2017.....	7
Tökum nýjan kúrs – framkvæmd opinberrar menntastefnu.....	7
Hvar eru kennararnir? Nýliðunarvandi í kennarastéttum.....	15
Niðurstöður mats þátttakenda á skólaþingi 2017	24

Inngangur

Sjötta Skólaþing sveitarfélaga var haldið 6. nóvember sl. og fór fram á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu. Um það bil 230 manns tóku þátt í skólaþingi að þessu sinni og mikil fjölbreytni og breidd einkenndi hópinn.

Meginumfjöllunarefni þingsins voru tvö. Fyrir hádegi var fjallað um niðurstöður úttektar [Evrópumiðstöðvar](#)¹ á framkvæmd opinberrar menntastefnu á Íslandi, undir yfirskriftinni „Tökum nýjan kúrs“. Þær leiða vel í ljós hvar skóinn kreppir og brýnt er að bregðast við. Grundvöllur aðgerðaáætlunar til úrbóta eru þrjár svonefndar lyftistangir (Critical levers), sem ætlað er að tryggja að tillögur komist til framkvæmda og festist í sessi í íslensku menntakerfi. Skýrsla og önnur gögn tengd úttektinni eru aðgengileg á vef sambandsins: „[Skóli fyrir alla](#)“².

Eftir hádegi var sjónum beint að þeim nýliðunarvanda sem við blasir í kennarastétt og hvernig snúa má þeirri þróun við með samstilltu átaki hagsmunaaðila. Þýðingarmikið er að ríki, sveitarfélög, kennaramenntunarstofnanir og Kennarasambandið stilli þar saman strengi sína. Í nýjum stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur, er sérstaklega ávarpað að bregðast þurfi við kennaraskorti í samstarfi þessara aðila. Undirstrikar það skilning ríkisstjórnar á alvarleika málsins og vilja til þess að taka á vandanum með markvissum hætti.

Umræðuhópar störfuðu bæði fyrir og eftir hádegi í klukkustund í senn og var þátttakendum fyrirfram skipað á borð svo breiddin í hópnum var mikil. Sem dæmi má nefna að í einum þeirra sátu kennari, aðstoðarskólastjóri, skólastjóri, deildarstjóri stoðþjónustu, bæjarstjóri, forstöðumaður Greiningarstöðvar ríkisins, háskólakennarar frá bæði HA og MVS og starfsmaður fræðsluskrifstofu. Ljóst er að sjónarhorn á umræðuefnin voru afar fjölbreytt, umræður fjörugar sem skilaði sér í gagnlegum niðurstöðum. Sambandið leggur ríka áherslu á að hagnýta þessar niðurstöður við áframhaldandi vinnu að lausn þeirra umfangsmiklu verkefna sem skólaþingið hverfðist um og er þátttakendum afar þakklátt fyrir framlag þeirra.

Sambandið er aðili að stýrihópi sem vinnur að aðgerðum í kjölfar úttektar Evrópumiðstöðvar á framkvæmd menntastefnunnar hér á landi. Umfangsmikil vinna bíður hópsins við innleiðingu þeirra. Sambandið, í öflugum samstarfi við MVS HÍ og kennaradeild HA, hefur lagt fram tillögur um viðbrögð við nýliðunarvanda í kennarastéttum sem fylgja á markvisst eftir með nýjum ráðherrum á komandi ári. Kapp er lagt á að bregðast verði við sem fyrst, hratt og örugglega.

Ráðstefnustjórar skólaþingsins voru Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður skólanefndar í Garðabæ og Sævar Freyr Práinsson, bæjarstjóri á Akranesi. Þeim, ásamt fyrirlesurum, umræðustjórum, riturum og starfsfólki sambandsins, sem kom að skipulagningu og framkvæmd þingsins, færir sambandið innilegar þakkir.

[Upptökur erinda og glærur fyrirlesara eru aðgengilegar á vef sambandsins](#)³. Sambandið hvetur sveitarfélög til þess að hagnýta sér þau gögn t.d. við skipulagningu funda og viðburða um þessi

¹ <https://www.european-agency.org/>


² <http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/skoli-fyrir-alla/>

³ <http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/skolathing-og-malstofur/skolathing-2017>

brýnu viðfangsefni, við stefnumótun og umræður um aðgerðir í skólamálum, t.d. á grundvelli bókonar 1, sem nú eiga sér stað í hverju sveitarfélagi.

Næsta Skólaþing sveitarfélaga verður haldið haustið 2019 en sambandið mun standa fyrir málstofum eða morgunverðarfundum um afmörkuð skólamálefni á árinu 2018. Við val á viðfangsefnum þeirra funda verður tekið mið af þeim óskum sem þátttakendur skólaþings settu fram í ráðstefnumati og sjá má aftast í þessari skýrslu.

Svandís Ingimundardóttir
skólamálafulltrúi Sambands Íslenskra sveitarfélaga



SKÓLAÞING SVEITARFÉLAGA Á ÉG AÐ GERA ÞAÐ?

Hilton Reykjavík Nordica, 6. nóvember 2017



- 8:15 Skráning
- 8:30 Tónlistaratriði – Helge Snorri Seljeseth
- 8:45 Í upphafi skyldi endinn skoða
Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

I. TÖKUM NÝJAN KÚRS

- 9:00 **Forysta, samvinna, ábyrgð - Hættum að reyna að breyta nemendum**
Edda Óskarsdóttir, verkefnisstjóri hjá Evrópumíðstöð um sérkennslu og skóla án aðgreiningar
- 9:20 **Menntun fyrir alla: lykilniðurstöður úttektar Evrópumíðstöðvar og aðgerðir**
Ragnar S. Þorsteinsson, verkefnisstjóri stýrihóps um eftirfylgni úttektarinnar
- 9:40 **Breyttar áherslur - virkt samspil kerfa í allra þágu**
Soffía Lárusdóttir, forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins
- 10:00 **Skólaþjónusta sveitarfélaga – hvernig getur hún stutt við starfsþróun skóla á sjálfbæran hátt?**
Hermína Gunnþórsdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri og
Birna María B. Svanbjörnsdóttir, lektor við Háskólann á Akureyri
- 10:20 **Kaffihlé**
- 10:40 **Fögnum tækninni – tækifærin eru óendanleg**
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, námssálfræðingur
- 11:00 **Umræðuhópar að störfum**
- 12:00 **Hádegishlé**

II. HVAR ERU KENNARARNIR?

- 13:00 **Viðbrögð HA, MVS og sambandsins við nýliðunarfunda í kennarastétt**
Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi sambandsins
- 13:20 **Það þarf heilt samfélag til þess að ala upp kennara**
Jóhannes Skúlason, ráðgjafi og fv. grunnskólakennari
- 13:40 **Bókun 1 með kjarasamningi FG og SNS og umbótaáætlanir sveitarfélaga**
Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur á kjarasviðið sambandsins
- 14:00 **Það er leikur að læra**
Ingibjörg Bryndís Hilmarisdóttir, leikskólafulltrúi Reykjanesbæjar
- 14:20 **Hver vill koma að kenna? - sjónarmið stúdenta**
Hjörvar Gunnarsson, nemi við MVS og Sólveig María Árnadóttir, nemi við HA
- 14:40 **Umræðuhópar að störfum og kaffi**
- 15:40 **„Á ég að gera það?“**
Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóri í Norðurþingi

Fundarstjórar: Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður skólanefndar Garðabæjar
Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri á Akranesi



NIÐURSTÖÐUR UMRÆÐUHÓPA Á SKÓLAÞINGI 2017

Umræðuhópar, ásamt umræðustjóra og ritara, tóku til óspilltra málanna að loknum erindum og fjölluðu um hvort málefni fyrir sig út frá fyrirfram gefnum spurningum. Ritari tók niður meginniðurstöður umræðna og sendi, í samráði við umræðustjóra, til skólamálafulltrúa sambandsins. Hver hópur fékk 2 spurningar til umfjöllunar í hvort skipti og klukkustund til umræðna.

Sambandið leggur áherslu á að halda á lofti niðurstöðum umræðna við þá vinnu sem það er aðili að og miða að aðgerðum til að auka nýliðun kennara annars vegar og bæta framkvæmd opinberrar menntastefnu hér á landi hins vegar. Sambandið metur það mikils að geta haft til hliðsjónar álit og tillögur þessa fjölbreytta hóps fagfólks, ólíkra sérfræðinga og stjórnmálamanna, sem þátt tók í Skólaþingi sveitarfélaga 2017.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir megin niðurstöðum umræðna um hverja spurningu og þeim skipað í nokkra undirflokka eftir inntaki.

Tökum nýjan kúrs – framkvæmd opinberrar menntastefnu

1. Ein af tillögum stýrihóps um aðgerðir í kjölfar úttektar Evrópumiðstöðvar felur í sér að skilgreina þjónustusvæði sem eru sameiginleg fyrir menntamál, heilbrigðis- og félagsþjónustu með það fyrir augum að styðja betur við menntun án aðgreiningar. Hvaða breytingar felur þessi tillaga í sér að mati hópsins og hversu mikilvæg er hún?“

Hugmyndin um skilgreiningu sameiginlegra þjónustusvæða þvert á málefnasviðin þrjú féll vel í kramið hjá skólaþingsgestum. Niðurstöður umræðna voru velflestar á þann veg að tillagan gæfi tækifæri til jákvæðrar þróunar en kallaði jafnframt á mikla hugarfarsbreytingu. Slík heildarhugsun myndi leiða til betri og samhæðari þjónustu við íbúa. Það væru þó ýmsir pyttir að varast á leiðinni og þýðingarmikið að stefnumótun mennta-, heilbrigðis- og félagsmálafyrirvalda til framtíðar lægi til grundvallar endurskipulagningu kerfanna.

Bent var m.a. á í því samhengi að útfærsluna mætti ekki takmarka við tiltekinn íbúafjölda eða landfræðileg mörk, sbr. þjónustusvæði vegna málefna fatlaðra. Skoða þarf ólíkar leiðir og viðmið eftir aðstæðum á hverju svæði sem leitt geta til samlegðaráhrifa og bættrar þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Leiðarljós breytinganna þurfa að vera sveigjaleiki og nýsköpun.

Stefnumótun hins opinbera leiði til skilvirkara skipulags og fækkun grárra svæða

- Þarf skýra sýn frá yfirvöldum og skilgreinda forystu, heildstæða nálgun með áherslu á uppbyggingu lærdómssamfélaga. Fræðsluyfirvöld þurfa að hafa aðkomu að mótun heilbrigðis- og félagsþjónustu fyrir börn og öfugt. Kerfin þarf að einfalda og samhæfa, svo dragi úr endurtekningu og tími og fjármagn sparast hjá öllum sem í hlut eiga, ekki síst foreldrum.
- Afla góðra og gagnlegra fyrirmýnda erlendis og nýta í samtalið innanlands. Finnska leiðin sem felst í því að minnka miðstýringu og fara meira út í skólana, allir að kalla á að fá meiri hjálp inn á gólfíð.
- Gríðarleg tækifæri felast í tillögunni til jákvæðrar þróunar með aukinni samvinnu kerfa sem kallar á hugarfarsbreytingu varðandi stefnumótun. Ólíkur menningarlegur bakgrunnur þjónustukerfa og stofnana getur þvælst fyrir. Leiðarljósið verði: Bætt samvinna og virkt samspil milli kerfa.
- Fjármagna þarf þjónustusvæðin og útbúa sameiginlega þjónustulýsingu og þjónustuferla.
- Felur í sér skýrari ábyrgð og forystu og „gráum svæðum“ fækkar í þjónustu ríkis og sveitarfélaga.
- Mikilvægt er að skilgreina grunnþjónustu vegna barna, þ.e. skólaþjónustu, heilbrigðis- og félagsþjónustu, og tryggja að sveitarfélögin geti sinnt henni. Skólakerfið þarf að draga vagninn í útfærslu á hugmynd um þjónustusvæði og kalla hin kerfin til samstarfs, háskólana og MMS.
- Hvert sveitarfélag þarf að móta eiginlega skólastefnu um hvernig uppfylla eigi markmið um skóla án aðgreiningar.
- Kerfisbreytingin þarf að ná til skólastiganna þriggja, leik-, grunn- og framhaldsskólastigs.

Tæknin

- Nýta þarf tæknina til að leiða saman mismunandi fagaðila í samhæfðri þjónustu við börn, fjölskyldur þeirra og skóla. Fjarþjónusta getur nýst betur innan slíkra þjónustusvæða og stefna skal að fyrirmyndarþjónustu í gegnum netið.
- Samhliða uppbyggingu þverfaglegra þjónustusvæða verði unnið að miðlægri vefgátt sem miðar að útbreiðslu þekkingar og stuðnings við starfsfólk og stuðlar að jafnræði þjónustunnar um allt land.

Jafnrétti/Jafnræði

- Slík kerfisbreyting er grundvöllur að jafnrétti og jafnræði til náms og gerir kleift að setja fram sameiginlega stefnu sem felur í sér að þjónusta alla nemendur, ekki bara þá sem skera sig úr fjöldanum. Hætta þarf að merkja/aðskilja nemendur á grundvelli sérparfa/greininga, sem getur jafnvel hindrað framgang þeirra.
- Fjarlægð frá þjónustukjarna getur dregið úr skilvirkni og hagkvæmni, skapað grá svæði og unnið gegn jafnræði til þjónustu. Fjármagn þarf að fylgja með svo svæðið allt njóti sambærilegrar þjónustu.
- Þjónustusvæði þarf fjármagna til fulls og taka til allra, ekki eingöngu þeirra sem byggja þéttbýlasta hluta þess. Skilgreina verður þörfina betur til að ná jafnræði.

Faglegt hagræði

- Með því að skilgreina þjónustusvæði (þurfa ekki endilega að vera landafræðilega ákvörðuð) er hægt að byggja upp öfluga þekkingarmiðstöð sem þjónustar öll sveitarfélög/skólastig landsvæðisins. Sérfræðingskerfið í dag er of stórt og flókið.

- Miðlæg samhæfing sérhæfðrar fagþekkingar leiðir af sér betri yfirsýn, dýpri fagþekkingu og vandaðri ákvarðanir í þjónustu við börn og foreldra þeirra. Skipa þarf málstjóra fyrir tiltekin flókin mál, efla foreldraráðgjöf og stuðning við þá og fjölskylduna.
- Leggja verður áherslu á innra starf skólanna, kennari/nemandi er kjarninn, sem, ásamt skólastjórn, þarf að mynda sterka heild. Heildstæður stuðningur eykur líkur á markvissri, snemmtækri íhlutun og aðgengi að sérfræðiþekkingu og ráðgjöf inn í kennslustofur þar sem þörfin er brýnust. Viljum ekki fjölfræðing, sem er „sérfræðingur í öllu“, þurfum þátttökuráðgjöf og þverfaglega teymisvinnu Minnt var á hlutverk nemendaverndarráða í grunnskóla sem er samstarfsvettvangur þessara aðila.
- Aukin, almenn stuðningsþjónusta inn í skólum bætir velferð og árangur nemenda, sbr. kennslufræðileg ráðgjöf, hegðunarráðgjöf sem sinnt er af starfsfólki skóla.

Annað

- Það þarf að fækka sveitarfélögunum, styrkja þau, stækka og efla en gæta jafnframt að landfræðilegum hliðaráhrifum.
- Þetta snýst um stjórnun og bestun. Eigum ekki að vera hrædd við að blanda viðskiptafræði inn í umræðuna. Þarf að sameina allar þessar litlu skólaskrifstofur og formgera, skilgreina hlutverk þeirra sem koma að skólastarfinu með starfsfólki skólanna.
- Skólinn er að verða heilbrigðisstofnun. Menntamálin eru að víkja fyrir félags- og heilbrigðisvanda nemanda; öll orkan fer í að sinna úrræðunum. Mennta- og heilbrigðismál má ekki sjúkdómsvæða.

2. Ein af tillögum stýrihóps um aðgerðir í kjölfar úttektar Evrópumíðstöðvar felur í sér að gera þurfi fyrirkomulag fjárveitinga og reglur um ráðstöfun fjár betur til þess fallnar að auka skilvirkni, jafnræði og möguleika á að framkvæma stefnu um menntun án aðgreiningar. Hvernig telur hópurinn að þetta verði best gert og hverju þarf að breyta varðandi fyrirkomulag fjárveitinga?“

Þinggestir virtust einróma í þeirri skoðun að útdeiling fjármagns á grundvelli sjúkdómsgreininga á frávikum væri fyrirkomulag sem hvorki þjónaði þörfum eða hagsmunum viðkomandi barns né skólastarfs. Treysta þyrfti fagfólki á vettvangi skóla og skólaþjónustu til þess að meta hvar skóinn kreppir, hvernig bregðast skuli við, t.d. með snemmtækri íhlutun og þátttökuráðgjöf á vettvangi, svo lágmarka megí afleiðingarnar. Sú aðferðafræði muni þó aldrei koma í stað hinnar og þörf fyrir greiningar alvarlegra frávika alltaf til staðar en draga þarf úr stýringu þeirra á útdeilingu fjármagns. Afar þýðingarmikið væri í þessu samhengi að meta árangur íhlutana fyrir barnið, námslegan, félagslegan og tilfinningalegan.

Mat á fjármagnspörf og fyrirkomulag útdeilingar fjármuna

- Fjármagn þarf í auknum mæli að byggjast á mati hvers skóla og taka mið af samsetningu nemenda- og kennarahóps, aðgengi að ráðgjöf annarra sérfræðinga á mennta-, heilbrigðis- og félagsþjónustusviði í nærumhverfi. Treysta fagfólkinu á gólfinu, sem kallar á viðhorfsbreytingu, í stað þess að treysta á greiningar.
- Skoða betur fjárveitingu í tengslum við þarfir barna. Skólar þurfa að vera í stakk búnir að sinna öllum nemendum og sveitarfélögin þurfa því sjá til þess að fjármagn sé til staðar í skólunum til að þeir geti ráðið til sín það fólk sem þeir þurfa á að halda.
- Setja fjármagn í að fjölga sálfræðingum og talmeinafræðingum í nærumhverfi og ráða fleiri stéttir fagfólks til starfa inni í skólunum.

- Úthluta þarf fjármagni Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á ákveðin svæði, líkt og gert er vegna þjónustusvæða í málefnum fatlaðs fólks, og taka mið af lýðfræðilegum þáttum í stað greininga. Jafnframt þarf að hafa félagslega þætti til hliðsjónar sem haft geta áhrif á stöðu viðkomandi og líðan.
- Ráðuneytið gæti búið til ramma varðandi fjármögnun. Fjármagn vegna sérkennslu þarf að fara í auknum mæli til úrvinnslu gagna og í lausnir fyrir nemanda og kennara.
- Skólastjórar þurfa frjálsari hendur við útdeilingu þess fjármagns sem skólunum er úthlutað. Áherslu skal leggja á lausnarmiðaða nálgun inn í skólunum til að styrkja starfið.

Kerfisbreytingar

- Einfalda þarf kerfið, endurskoða úthlutunarmódel jöfnunarsjóðs, nýta betur tæknina og endurskoða viðhorfin. T.d. þarf að tala um heildarkennslukvóta/-kennslumagn í stað uppskiptingar í almennra kennslu og sérkennslu. Hagstofan þarf að afla tölulegra gagna um heildarkennslumagn til skóla í stað þess að mæla sérkennslutíma skóla.
- Sveitarfélögin þurfa að auka samstarf sín á milli um skipulag og framkvæmd þjónustu. Sameining sveitarfélaga er ekkert skilyrði í því samhengi.
- Greiningarferlið allt of langt og kostnaðarsamt. Algengt er að greiningum sé ekki fylgt eftir af greiningaraðila né tryggt að barnið fái þjónustu þó greining liggi fyrir. Við þessum kerfisgalla þarf að bregðast strax, vinna niður biðlista og taka skipulega á bráðavanda.
- Skapa þarf yfirsýn í hverju sveitarfélagi um helstu bjargir og leggja áherslu á samfellu milli leik- og grunnskólastigs og svo grunn- og framhaldsskóla. Snemmtæk íhlutun afar mikilvæg en kemur þó ekki í stað sérkennslu.
- Mikilvægt að skilgreina skólaþjónustuna upp á nýtt og setja m.a. upp miðlægt stuðningsnet fyrir kennara.

3. Ráðherrar heilbrigðis- og félagsmála hafa skuldbundið ráðuneyti sín til að vinna að umbótum í kjölfar úttektar Evrópumiðstöðvar. Á hvaða hátt getur þessi skuldbinding nýst til þess að fækka gráum svæðum í velferðarþjónustu? Á hvað leggur hópurinn áherslu í því sambandi?

Skuldbinding þriggja ráðuneyta til samstarfs um að vinna að umbótum svo framvæmd opinberrar menntastefnu uppfylli lagaskyldu og nái fram að ganga er í raun bæði afar þýðingarmikið framfaraskref en ekki síður merkilegt. Hún er í raun yfirlýsing um að ráðherrarnir staðfesti sameiginlega ábyrgð á verkefninu auk sveitarfélaga. Undir það tóku þiggestir í sínum umræðum og telja þessa skuldbindingu gefa von um aukna áherslu á þverfaglegt samstarf milli stofnana ólíkra ráðuneyta til hagsbóta fyrir alla þá sem hlut eiga að máli og skila auknum gæðum skólastarfs. Stefnumótun er eitt fyrsta hugtakið sem upp kemur og hana þarf að vinna með þjónustuna í huga.

Bætt samvinna kerfa og skýrari verkferlar

- Gríðarlegt tækifæri til jákvæðrar þróunar nái kerfin að vinna betur saman. Kennarar eflast við það að ráðgjafarþáttur heilbrigðiskerfis tengist betur inn í skólastarfið og þekking samnýtist betur.
- Það þarf að setja fram heildarstefnuna. Í dag e dreifstýring of mikil og ráðuneyti taka of litla ábyrgð. Peningar geta haft áhrif á milli kerfa en eiga ekki að stjórna þjónustunni. Gráu svæðin tengjast oft af óreglu í kerfinu. Skilgreina verður ábyrgðarsvið/-skil og skyldur hlutaðeigandi í kerfunum. Ríkið ætti að fjármagna sértæka þjónustu við börn þó þau fái ekki 3. stigs greiningar var rætt í einum hópi.

- Kerfið er ekki nægilega vel fjármagnað sem veldur verulegri togstreitu innan þess og utan. Stofnanir skilgreina sig sjálfar og senda fólk út og suður og kerfið ver sig fyrir gagnrýni. Sérfræðingar og aðrir greiningaraðilar verða að virða greiningar hvers annars.
- Samstarfið eykst og skilar heildstæðari, þverfaglegri þjónustu, sem verður meira á einni hendi í stað þess að dreifist á ótal aðila.
- Það verður að setja skýra, samræmda verkferla sem leiðbeina um hvert skuli leitað eftir sértækri þjónustu og tryggja að hún sé við hæfi óháð því hvaða sérfræðingar koma að málum til að fylgja þeim eftir hverju sinni. Þeir nái einnig til þess hvernig bregðast eigi við í kjölfar greiningar.

Bætt þjónusta við nemendur

- Megum ekki mismuna börnum eftir búsetu en varla þó framkvæmanlegt að þjónusta sé sambærileg og jafn aðgengileg óháð landfræðilegri legu eða stærð sveitarfélags. Svæðisbundin skólaþjónusta er þó skref í þá átt því miklu skiptir að færa þjónustuna nær þeim sem verið er að þjónusta.
- Ríkið hefur tilhneigingu til að velta verkefnum yfir á sveitarfélögin, án samráðs, sem eru misburðug til að takast á við verkefnin.
- Mikilvægt að komið verði á fót fagteymum þeirra sem með málefnum nemanda fara, skóli, velferðarþjónusta, heilbrigðisþjónusta, og skipaður málstjóri. Það greiðir leið fyrir skilvirkt samráð um mál sem upp kunna að koma, t.d. barnaverndarmál, og eykur þannig möguleika leik- og grunnskóla til eftirfylgni.
- Gæti stutt enn betur við ýmislegt sem verið er að gera í dag t.d. ART prógrammið við hegðunarvanda o.fl.
- 16- 18 ára ungmennti koma iðulega að lokuðum dyrum og mikil mismunur virðist innbyggð í kerfið vegna þessa aldurshóps. Þessi hópur fer stækkandi og virðist því miður lenda á gráu svæði.

Skilvirkara upplýsingastreymi

- Þessi sameiginlega ábyrgð á framkvæmd menntastefnunnar gæti auðveldað nauðsynlega samnýtingu upplýsinga án þess að brjóta gegn persónuverndarákvæðum og hagsmunir og velferð barna sitji í fyrirrúmi.
- Flækjustigið í samskiptum við velferðarþjónustuna væri á stundum afar hátt og samskipti stíð. Upplýsingarmiðlun erfið og því þýðingarmikið að nýta tæknina betur til að tryggja samræmi. Nú er til dæmis bannað að senda upplýsingar á milli ákveðinna ramma í velferðarþjónustunni.
- Fá skýrari línur um hvenær heilbrigðiskerfið kemur inn í mál, að það sé skýrt hvenær mál eru skólamál og hvenær heilbrigðismál og hvernig samstarfi skuli háttað, hvort það sé á borði annars aðilans eða samstarfsverkefni beggja.

4. Ein af tillögum stýrihóps um aðgerðir í kjölfar úttektar Evrópumiðstöðvar felur í sér að sett verði lágmarksviðmið um þjónustu á leik-, grunn- og framhalds-skólastigi. Hvað telur hópurinn að geti eða þurfi að felast í slíkum viðmiðum?

Góður samhljómur var í skoðunum hópanna á mikilvægi þess að setja lágmarksviðmið svo ná mætti auknu jafnræði í þjónustu við nemendur. Slík viðmið þyrftu að taka til ólíkra þátta. Nefnd voru viðmið um nám, aðgengi og biðtíma eftir sérfræðiþjónustu, viðmið um aðstöðu, almennt starfsfólk og sérfræðinga, viðmið um líðan og mótuneyti, námsárangur og árangur

skólastarfs. Þá var hnykkt á mikilvægi þess að sveitarfélög og stofnanir hefðu með sér samstarf um gerð slíkra viðmiða.

Viðmið

- Svo stuðla megi að fullu jafnræði nemenda þurfa lágmarksviðmið að vera vel skilgreind og ná til allra skólastiga. Þau verða að vera sveigjanleg upp að vissu marki og taka mið af aðstæðum og skóla. Gildandi reglugerð er of “kassalaga” og tryggir ekki lágmarksþjónustu. Brjóta þarf kerfið upp og hugsa það upp á nýtt.
- Viðmið taki til fjögurra þátta: 1. nám, 2. aðstaða o.fl., 3. starfsfólk (leggja áherslu á kennar-ana), 4. sérfræðingar.
- Tryggja þarf aðgengi að þverfaglegu teymi og skilgreina þjónustusvæði og samspil milli þjónustukerfa, því ekki verður hægt að byggja upp sérþekkingu um land allt. Viðmið þurfa að lúta að því að skólar hafi fagfólk í öllum störfum og aðgengi að sérfræðingum, s.s. talmeinafræðingum, þroskajálfum og jafnvel skólafélagsráðgjöfum.
- Viðmið um lágmarksbiðtíma t.d. eftir greiningu og ráðgjöf. Dæmi af Danmörku, ef biðtími fer fram úr gefnu viðmiði þá geta aðilar leitað hvert sem er.
- Viðmið um líðan.
- Gott mótuneyti þarf að vera til staðar.
- Setja þarf viðmið um námsárangur og vera dugleg að mæla, sbr. lesfærni viðmiðin sem eru frábært verkfæri.
- Lágmarksviðmið koma minni skólum og sveitarfélögum til góða og eru til þess fallin að jafna aðstöðumun.
- Sveitarfélög hafi samstarf við gerð og mótun viðmiða og samnýti eða kaupi þjónustu hvert af öðru, jafnvel þyrfti að skilyrða samstarf þvert á sveitarfélög með einhverju móti.

5. Hvaða felur „skóli/menntun án aðgreiningar“ raunverulega í sér að mati hópsins og hvað ætti að vega þyngst svo stefnan nái fram að ganga?⁴

Í mörgum hópum spannst umræða um hvaða hugtak næði best að lýsa þeirri hugmyndafræði sem stefnunni væri ætlað að koma til leiðar. Töldu margir að „skóli án aðgreiningar“ væri e.t.v. ekki best til þess fallið. Hugtakið þyrfti að endurspegla þá hugsun að allir nemendur, óháð andlegu eða líkamlegu atgervi, uppruna eða búsetu, ættu að hafa jafnan rétt til menntunar og skilgreindrar þjónustu við hæfi.

Skilgreining á hugtakinu

- Hugtakið „Menntun fyrir alla“ er réttari nálgun á verkefnið, því það eru allir einstakir. Menntastefnan felur í sér að öll börn fái jöfn tækifæri til náms og hver grunnskóli sé fær um það, og sjálfbær til þess, að mæta allra þörfum og viljugur til þess.
- Stefnan felur í sér virðingu fyrir og viðurkenningu á margbreytileika, sem kallar á nám við hæfi, gæðamenntun, á grundvelli áhuga, getu og öðrum forsendum hvers og eins, óháð staðsetningu, þ.e. í heimaskóla eða öðrum skóla. Foreldrar þurfa að hafa val milli heimaskóla og sérskóla/önnur úrræði

⁴ Allir hópar fengu þessa spurningu til umfjöllunar

- Þátttaka nemenda er ekki það sama og að vera samþykktur. Bráðger börn verða að fá þá athygli og áskoranir sem þau þurfa og því mikilvægt að skoða heildarhagsmunir nemendahópsins.
- Skólamenning í hverjum skóla er mikilvæg, horfa þarf á líðan og virðingu, og búa til skólamenningu þar sem allir eru jafngildir.
- Mæta hverjum og einum á sínum forsendum. Jafnt aðgengi að námi og þjónustu, fyrir alla. Skilgreina hver á lágmarksþjónustan að vera. Börn eiga að geta fengið alla þjónustu innan skólans.

Hvað á að vega þyngst?

- Efla ráðgjöf og faglegan stuðning við kennara v/nemenda með erfiða hegðun. Þurfum að sigta frá mál sem eru ekki beinlínis skólamál. Fjármagn, þekking, færni og viðhorfsbreyting eru lykilatriðin.
- Snemmtæk íhlutun forgangsmál, sem og teymisnálgun á málefni nemenda með náms- og hegðunarerfiðleika skilar árangri. Ef til staðar er góð almenn kennsla minnkar þörf fyrir sérkennslu/ stuðning. Efla þarf starfsfólk á vettvangi og draga úr áherslu á aðkeypta þjónustu sérfræðinga. Gæta þarf að orðræðunni því kennarar eru líka sérfræðingar.
- Bæta samspil við þjónustu ríkisins, tækifæri til samstarfs skóla við sálfræðinga á heilsugæslu. Það eiga ekki að vera aðgreind kerfi sem bundin eru trúnaði sem hefta samskipti og tefja úrvinnslu mála vegna formsatriða. Ákall um miklu betra samstarf skóla og foreldra við heilbrigðiskerfið.
- Þarf að styðja betur við innflytjendabörnin, í öllu skólakerfinu og útvega kennurum góð verkfæri til að geta unnið betur með tvítyngda nemendur og lagt mat á stöðu þeirra.
- Aukna áherslu á fjarþjónusta og -ráðgjöf og fjarkennslu til að þjóna dreifbýlinu betur.
- Túlkaþjónusta þarf að vera í boði fyrir alla.
- Börn með geðræn vandamál líklega stærsta áskorunin í skóla án aðgreiningar.
- Grundvallaratriði er að styrkja starfið inni í skólunum, með starfsþróun, símenntun og stuðningi, byggja upp faglegt lærdómssamfélag sem grundvallast á samstarfi og teymisvinnu. Samspil milli skólastiga verður að aukast.
- Hverfa verður af braut sjúkdóma-/úrræðavæðingar menntakerfisins og leggja megináherslu á vald- og fageflingu kennarans, sem endurheimti stöðu sína sem sérfræðingur.
- Umræða um túlkun/skilgreiningu á skóla fyrir alla þarf að eiga sér stað í öllum skólum, sveitarfélögum, ráðuneytum til þess að styrkja sameiginlegan skilning. Mikilvægt að til séu rammar um fjármuni og rammar um stuðningsþörf og gerðar séu *raunhæfar væntingar til skólastarfs*.
- Fræða þarf foreldra og nemendur. Hvað þýðir þetta fyrir fjölskylduna? Farsæld nemanda veltur á tengslaneti hans að heiman. Framkvæmd menntunar án aðgreiningar hefst hjá fjölskyldunni. Skólinn endurspeglar samfélagið og mögulega þarf að endurskoða menningarlegt hlutverk skólans í samfélaginu.
- Samtal þarf að fara fram milli atvinnulífs, skóla og kennarastéttarinnar um mikilvægi menntunar og uppeldis sem endurspeglar í styttingu vinnuvikunnar í þágu fjölskyldna. Með því væru undirstrikuð samfélagsleg skilaboð um mikilvægi þess að hlú vel að börnum og foreldrum sýndur raunverulegan stuðningur í verki.

Kennaranám og starfsþróun

- Í almennri kennaramenntun þarf að leggja meiri áherslu á að efla vettvangsnám til að gera kennaranemana hæfari til að starfa í skóla án aðgreiningar og efla móttöku nýrra kennara á vettvangi með skiplögðu kerfi leiðsagnarkennara í hverjum skóla. Hugmyndin um launað vettvangsnám kennaranema í eitt ár fyrir útskrift er góð.
- Hagnýting tækni og veflausna þarf að koma sterkar inn þar sem skortir sérfræðinga. Eftirfylgni og ráðgjöf má leysa í meira mæli með fjaraðstoð og vefnámskeið mættu vera algengari á vegum háskólanna. Starfsemi fjarkennslumiðstöðvarinnar á Dalvík er til eftirbreytni.
- Ábyrgð kennara á eigin starfi og starfsþróun var undirstrikuð og mikilvægi þess að haldið sé betur utan um hana og beina hagnýtingu til þróunar skólastarfs

Kennsluhættir

- Hlusta á raddir nemenda, hvernig finnst þeim t.d. best að læra, virkja þá betur og áhuga þeirra. Samstarf og sköpun er eitt það mikilvægasta sem við kennum börnum fram-tíðarinnar. Hafa ætíð í huga það sem barninu raunverulega fyrir bestu. Skólinn þarf að breytast en ekki barnið.
- Eitt af lykilatriðunum er að halda vel utan um kennara, styrkja þá og hvetja til að nota styrkleika sína og efla trú þeirra á eigin getu. Kennsluhættir teymiskennslu létta álagi af kennurum og veita þeim svigrúm til þess að efla sitt sérsvið. Það er einnig leið til að einstaklingsmiða nám og koma til móts við þarfir allra nemenda.
- Samvinnunám er sterk hugmyndafræði inn í þessa umræðu. Þurfum að fjarlægast þá „stéttaskiptingu“ innan nemendahópa sem er víða við lýði.
- Það verður að fækka nemendum í bekkjardeildum til þess að kennarar geti komið til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda.
- Taka þarf mið af fjölbreytileika allrar nemendaflórunnar við skipulag og útfærslu skólastarfs, ekki einblína á þá sem skera sig úr á einhvern hátt. Sérkennarar vinni í náinni samvinnu við kennara.
- Auka þarf sveigjanleika í úrlausnum mála og leiðum nemenda í gegnum skólagönguna, auka val nemenda á efri stigum skólakerfisins, bjóða meira þverfaglegt og verkefnamiðað nám og vinnuaðstaða og vinnumhverfi þarf að styðja við slíka starfshætti.
- Kennsluhættir og námstilboð þurfa í auknum mæli að miðast við áhugasvið nemenda. Skoða þarf heildrænt í stærra samhengi, þ.e. undir hvaða framtíð/störf erum við að búa börnin okkar.

Annað

- Það er mikilvægt að umræðum og niðurstöðum skólaþingsins sé fylgt vel eftir af sambandinu.
- Kennara verður að meta að verðleikum sem sérfræðinga. Það hefur verið grafið undan kennaranum og starfi hans með innleiðingu verkefna sem hann hefur ekkert um að segja.
- Þurfum „öskurherbergi“ í skólum.
- Fjarþjónusta er bylting í Vesturbyggð, sérstaklega talmeinafræðingar.
- Akureyri; virkt samstarf skólaþróunar og háskóla til fyrirmyndar.
- Sterk kennaramenntun, 2ja ára viðbótin fín.
- „Höfum í huga að veröldin í dag bíður ekki eftir morgundeginum“.

Hvar eru kennararnir? Nýliðunarvandi í kennarastéttum

1. Í lögum nr. 87/2008 segir: „Að lágmarki 2/ 3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla skulu teljast til stöðugilda leikskólakennara.“ Því miður bendir fátt til þess að þetta markmið náist miðað við þróun aðsóknar í M.Ed. nám í leikskólakennarafræðum og starfsumsóknir í leikskólum. Hvað er til ráða að mati hópsins?

Sitt sýndist hverjum þegar kom að umfjöllun um þessa staðreynd og framfylgd laganna. Töldu ýmsir að lögin þyrftu að vera raunhæfari, skoða þyrfti fjölbreyttari samsetningu starfsmannahópsins og fleiri leiðir að starfsréttindum. Þá mætti skipta starfi á leikskólum upp, líkt og gert er í grunnskólum milli náms og frístundar, og starfsfólki ekki það sama. Upp kom hugmynd um nauðsyn þess að beita aðgangsstýringu með ólíkum menntunarkröfum til starfsfólks þegar skortur á fagstéttum blasir við. Þá þyrftu ríki og sveitarfélög að útskýra betur hvaða merkingu það hefði í raun að lögbinda leikskólastigið sem fyrsta skólastigið og mikilvægt væri að ná samtali við atvinnulífið um styttingu vinnudags og lengra fæðingarorlof.

Lög og stefnumótun

- Breyta verður lögum og gera raunhæfari ef við viljum sá þau uppfyllt. Mönnun leikskólanna á að ráðast af samsetningu og gerð skólans ásamt nemendafjölda. Skoða þarf skipulag í nágrannalöndum. Hefja mætti grunnskólanám barnanna fyrr, t.d. 4 ára.
- Leikskólastigið er fyrsta skólastigið, hvað er átt við með því? Ríki og sveitarfélög þurfa að átta sig á að þessu fylgir skuldbinding og setja leikskólastigið (og menntun almennt) ofar í forgangsráðun stjórnmálamanna. Skortir samfélagssátt um að ein stétt sé tekin fram yfir aðra.
- Ætti leik- og grunnskóli að vera eitt og sama skólastigið, ein stofnun, ein heild?
- Verðum að byrja á samfélaginu, lengja fæðingarorlof og fá atvinnulífið með í þá umræðu.

Kennaranámið - starfsréttindi

- Þegar námið var lengt í fimm ár hefði samtímis átt að koma kandiðatsár/launað starfsár. Það er gríðarlega mikilvægt því það veitir þá þjálfun sem vantar núna. Mætti setja það fyrr inn í leikskólakennaranám heldur en hjá grunnskólakennaranemum.
- Prepaskipt kennaranám gæti verið jákvætt. Geta tekið 2 ár og þá færðu diplóma sem aðstoðarleikskólakennari. Lykilatriði að breyta leikskólakennaranáminu eða að stytta það og gera ekki kröfu um meistaragráðu til starfsréttinda fyrir allra yngstu börnin.
- Mikilvægt að aðlaga leikskólakennaranám að þeim veruleika að stór hluti markhópsins er þegar starfandi inni á leikskólunum. Það þarf að laða gott fólk inn í námið og setja upp háskólaútibú út um land nær vettvangi.
- Stigskipta réttindum í leikskólum. Meta starfsreynslu í leik- eða grunnskólum og taka upp raunfærnimat sem gefur leiðsögn um ákveðin réttindi eða stöðu innan leikskóla og leiðir til ákveðinna réttinda í áföngum að leikskólakennararéttindum. Þar gætu sveitarfélögin komið inn með fjárstuðningi til þeirra sem fara í nám og ath. með styrki hjá LÍN.
- Það þarf að taka upp stýringu inn í háskólamenntun í ljósi viðvarandi/fyrirsjáanlegs skorts á fagfólki/starfsfólki. Ríki og sveitarfélög verða að stíga hér inn með t.d. skattaávilnunum, veita styrki í stað námslána, starfsfólk fái svigrúm til að sækja staðlotur á vinnutíma án

launaskerðingar, gera ráð fyrir afleysingu vegna starfsmanna sem eru í námi svo álag aukist ekki á hina, svo eitthvað sé nefnt.

- Leyfisbréfaumræðuna þarf að taka og ljúka sem fyrst. Hugmynd um eitt leyfisbréf kennara með meistaragráðu sem veitir kennsluréttindi en síðan geti menn starfað á öllum skólastigum sem réttindakennari skv. ákvörðun stjórnenda viðkomandi skóla.
- Nýta óhefðbundnar og róttækar leiðir og samskiptamiðla til að hvetja ungt fólk til að starfa á leikskólum og sækja í kennaranám.

Starfsaðstæður, kjör og ímynd

- Mikilvægt er að hlúa vel að nemum og nýútskrifuðum kennurum. Það þarf að veita þeim leiðsögn og þeir þurfa að tilheyra teymi innan skólans.
- Það þarf að leggja áherslu á að byggja upp góðan starfsanda. Starfsmannastefna skólanna þarf að vera jákvæð.
- Framgangur í starfi – þetta hugtak þekkist ekki innan skólakerfisins – t.d. endurmenntun, símenntun o.s.frv. Þessu þarf að breyta á öllum skólastigum svo hægt sé að ávinna sér framgang. Búa til fleiri námsgráður. Það vantar fleiri starfsstéttir inn í leikskólana.
- Stytta vinnudaginn og gera vinnutímann sveigjanlegan. Umhverfið í leikskólum er að breytast með lengri viðveru barna. Lýjandi fyrir starfsfólk leikskóla að vera með viðveru með börnunum allan daginn. E.t.v. mætti skilgreina kennslutíma frá kl. 8-14 og við tæki dægradvöl (sambærilegt og frístundastarfið í grunnskólum). Skoða hvers vegna leikskólakennarar sækja í sjúkrasjóði og til Virk.
- Auka starfsfríðindi, leikskólakennarar fái t.d. afslátt fyrir börn sín í leikskóla og forgang fyrir þau í skólann. Auka rými fyrir hvert barn á leikskólum.
- Starfsaðstæður skipta máli en eru því miður ekki alltaf ásættanlegar. Mikil fjölgun nýbúa eykur álagið þar sem lítil starfsþróun er til staðar varðandi kennslu nýbúa.
- Sinn hvor kjarasamningur sem lokar þessi tvö skólastig af og hindrar flæði á milli. Þó margt hafi áunnist í launamálum kennara þarf að hækka þau.
- Bæta ímynd leikskólakennarastarfsins og skapa starfinu hærri sess í samfélaginu. Vinna þarf með viðhorf: skólafólks, sveitarfélaga, ríkisins, foreldra og samfélagsins alls.



2. Sá álagsþáttur í starfi sem grunnskólakennarar tilgreina einna oftast eru samskipti við foreldra. Hvað telur hópurinn að skýri þetta álag og hvað er til ráða?

Afar líflegar umræður sköpuðust í kringum þessa spurningu. Mörgum kom á óvart að kennara mætu þennan þátt sem stóran álagsþáttur í eigin starfi. Flestir gerðu sér þó grein fyrir um hvað þetta álag snérist og margar úrlausnir voru settar fram. Samfélagið breyttist eftir efnahagshrunið og álag á börn jókst, ekki síður en fullorðna. Rafræn samskipti hafa tekið yfir og kröfur foreldra um aðgengi að kennurum vaxið jafnt og þétt því farist hefur fyrir að setja viðmið um þau samskipti og skilgreina eðlileg mörk. Afar mikilvægt er að slíkt sé gert og unnið í góðu samstarfi starfsmanna og stjórnenda skóla við heimilin.

Aukin samskipti

- Ein skýring á auknu álagi er að samskipti eru miklu tíðari við foreldra. Aðgangur að kennurum er meiri í gegnum samskiptamiðla allan sólarhringinn. Fólk er jafnvel að skrifa tölvupósta þegar að tilfinningar eru sem heitastar og ákveðið markaleysi í gangi, t.d. í litlum samfélögum þegar foreldrar vilja ræða málefni barnsins í „kaupfélaginu“. Sendum e.t.v. óskýrar væntingar út í samfélagið varðandi aðgengi foreldra að okkur, þurfum að setja skýrari mörk og fá samtal við foreldra um hver ber ábyrgð á velferð barnsins fyrst og fremst og mikilvægi samstarfs, en kennarar eru í eðli sínu þjónandi einstaklingar.
- Oft er félagsleg staða barna erfið og kennarar of viðkvæmir þegar foreldrar koma með erfið mál í skólann en kennarar eru gjarnan fyrsta stoppistöð foreldra ef leita þarf ráðgjafar eða aukinnar þjónustu vegna barna. Álag jókst á börn eftir hrun með fjárhagsörðugleikum foreldra, skilnuðum, húsnæðisvanda o.fl. og hegðunarvandi þar með. Kvíði barna hefur aukist verulega og foreldrar kunna mögulega ekki að bregðast rétt við.
- Úrræðaleysi ríkir oft í skólum þegar koma upp erfið mál, t.d. ef kennari á í erfiðum samskiptum við foreldra, og getur slíkt haft langvarandi áhrif á kennarann. Neikvæð umræða um skólastarfið í fjölmiðlum gefum einnig ákveðið skotleyfi. Kennarar gera mistök, eru mannlegir eins og aðrir. Vandamálið hefur færst út á samskiptamiðlana og stundum er gengið mjög langt nærri persónu kennarans. Umræðan magnast upp, verður mjög neikvæð og kennarar óttast að foreldrar fari með málin í fjölmiðla. Sumir foreldrar bera vantraust til skólans og gera óraunhæfar kröfur, en neikvæð viðhorf foreldra má oft rekja til erfiðrar reynslu þeirra sjálfra af skólagöngu. „Versta sem kennarinn gerir er að taka á móti foreldrum með hnefanum“
- Mikilvægt er að virkja foreldra og eiga þetta samtal ef kennarinn finnur eitthvað krauma undir og eiga frumkvæði að samskiptum.
- Kennarastarfið er álagsstarf víða um heim. Oft er um utanaðkomandi álag að ræða sem fært er yfir á ábyrgð skólans í of miklum mæli. Álagsþættir mismunandi – sumum þáttum getur maður stjórnað – margir þó óvæntir og eru því erfiðir viðfangs. Kennarinn/skólinn getur auðveldlega orðið meðvirkur í erfiðustu málunum – tekur mikið á.
- Foreldrar eru líka undir álagi, hafa ekki tíma og geta sjálf ekki leyst ýmis vandkvæði sem koma upp og horfa til kennara og skólans um aðstoð.
- Fjölgun flókinna greininga kallar á mikil samskipti í tengslum við teymisvinnu í kringum barnið.

Úrræði

- Skiptir máli að skólinn gefi tóninn, og tali um styrkleika og setji skýra stefnu (opinber á vef skólans) um samskipti við foreldra, t.d. hvenær búast megi við svörum við tölvupóstum o.fl. “Samskipti við foreldra er vannýtt auðlind”. Skólinn bjóði upp á markvisst og þétt samstarf og viðurkenni rödd foreldra. Samtal þarf að eiga sér stað við foreldra um samskiptin, spyrja þá m.a. hvernig upplýsingar gagnist best, hvort fjöldi tölvupósta sé of mikill o.s.frv. Mörk þarf að finna, sem báðir virða. Eru Mentor samskiptin orðið þreytt fyrirkomulag? “Mín reynsla af foreldrum er ekkert nema góð”
- Mikilvægt að starfsfólk kom sjálft að gerð leiðbeinandi reglna t.d. um samskipti milli skóla og foreldra til að takast á við breyttar aðstæður í samfélaginu. Huga þarf að því að kennarar eru stjórnendur í sínum störfum.
- Skólastjórnendur leiðbeini um að setja mörk varðandi (vond) foreldrasamskipti og ræði við kennara/starfsfólk um hvernig samstarfi við foreldra skuli háttað. Þeir þurfa að stíga inn í og gefa skilaboð til foreldra um hvað er viðeigandi og hvað ekki.
- Kennarar þurfa aðgang að handleiðslu/ í (erfiðum) samskiptum. Mikilvægt að styðja kennara í að taka símtalið því samskipti í gegnum texta geta misskilist. Símtal eða fundur er skilvirkari. Þá þurfa kennaranemar meiri þjálfun svo þeir „kunni“ að ræða við foreldra, t.d. læra viðtalstækni í náminu.
- Þjónustumiðstöð Grafarvogs býður námskeið fyrir umsjónarkennara – *Aukin ábyrgð* er yfirskriftin. Foreldri í hópnum finnst hann betur getað treyst á umsjónarkennara í erfiðum málum að loknu þessu námskeiði. Kynna þjónustutilboð sem til staðar eru til stuðnings við úrlausn mála.
- Sameinast um *viðburðadagatal* allra sem koma að börnum í tilteknum skóla (*hvað er átt við?*)
- Skipulag teymiskennslu hjálpar í foreldraviðtölum, þar sem eru 2 kennarar er bakka hvorn annan upp.
- Rætt um *Karellen leikskólaappið* – væri hægt að nota eitthvað sambærilegt í grunnskólanum?
- Þurfum við virkt siðaráð kennara, sbr. í Ontario.
- Skólinn þarf að vera duglegri að segja frá jákvæðum skemmtilegum hlutum sem valda almennt ánægju
- Flestir eru ánægðir með skólann, háværar og fáar óánægjuraddir.

3. „Það þarf að auka virðingu fyrir kennarastarfinu og efla ímynd þess.“ Er hópurinn sammála eða ósammála þessari fullyrðingu og hvað gæti helst varpað ljósi á tilurð hennar og hvað er til ráða?

„Ef við myndum ekki segja já við þessari spurningu værum við í vondum málum“, sagði einn þátttakenda. Samhljómur var mikill í umræðuhópum um mikilvægi þess að virðing og ímynd kennarastarfsins yrðu endurreist og ýmsar leiðir tilgreindar í því skyni. Skoðanir voru öllu skiptari um ástæður þess að svona væri komið fyrir þessu virðingarverða starfi sem fylgt hefur mannkyni frá upphafi. Grunntónninn virtist þó sá að umfjöllun um jákvæðar hliðar skólastarfs, menntunar og kennarastarfsins hefði nánast horfið inn í skugga umræðu

stéttarinnar um kaup og kjör. Allir þyrftu að leggjast á eitt um að snúa þessari orðræðu við og engin betur til þess fallin að hefja þá vegferð en kennarasamtökin.

Virðing og ímynd

- Ef við myndum ekki segja já við þessari spurningu þá erum við í vondum málum! Kallað var eftir aðgerðaráætlun til að efla ímynd kennarastarfsins.
- Já! Gefandi og skemmtilegt starf, enginn tveir dagar eins. Börn í dag svo klár og flott og mikil trú á framtíðarkynslóðum sem er unnið með í grunnskólunum í dag.
- Kennarinn er sífellt að læra eitthvað nýtt.
- Það þarf að ræða það sem vekur gleðina í starfinu. Margir kostir við að vera kennari og kennaramenntunin er svo breið og nýtist svo vel, er svo mannbætandi. Ef þú vilt skipta máli þá eru skólarnir staðurinn!
- Vantar ungt fólk/nýja kennara til að hrista aðeins upp í kennarastéttinni, með aðrar hugmyndir og strauma.
- Það kom fram í umræðunni að neikvæð umræða um kennarastarfið er algengari hjá grunnskólakennurum en leikskólakennurum.

Ástæður

- Kennarar sjálfir eru of duglegir við að rífa sig niður og einstaka hópar innan raða kennara stillt sér upp sem andstæðingar. Kennarar hafa ekki náð að snúa þessu tali. Þetta snýst líka um vinnustaðamenningu, oft neikvæð umræða innan skólans og kennarar ekki duglegir við að greina frá því jákvæða sem fer fram í skólunum. Finnst kennurum þeir gefa höggstað á sér ef þeir verða of jákvæðir? Skortir virðingu innan hópsins, í foreldrahópnum eða jafnvel í samfélaginu. Síðustu samningar ekki að hjálpa.
- Stéttin og forysta kennara hefur grafið undan sjálfri sér. Tilurðin er margþætt, m.a. að kaup og kjör hafa ekki haldið í við lengingu náms og breytingar í kerfinu. Laun í dag eru ekki svo frábrugðin sambærilegum stéttum.
- Margir kennarar eru í fleiri störfum þ.e. með aukavinnu, hvaða áhrif hefur það inn í kennarastarfið og fyrir ímyndina. Er hægt að vera í fullu starfi en hafa samt tíma og orku í aukavinnu líka

Úrræði

- Bæta kjörin og aðstæðurnar! Halda áfram og fylgja eftir því góða samtali sem hófst með bókun 1. Auka þarf virkt samstarf því þetta er sameiginlegt verkefni okkar allra sem að skólunum koma.
- Það þarf fleiri talsmenn utan og innan stéttarinnar til að tala hana upp, einhverja sem segja frá því sem vel er gert, þar sem árangur næst í þungum málum. Kynna það sem hefur áunnist t.d. hvað launin hafa hækkað. Skapa kennurum vettvang til að sýna jákvæða þætti starfsins, auka teymisvinnu/samstarf, valdefla hópinn og leggja áherslu á starfendarannsóknir.
- Kennarar eru sérfræðingar og þurfa að koma að ákvarðanatöku í skólamálum, mikilvægt að lykilfólkið sé með í þeim.
- Nauðsynlegt er að þeir sem starfa í skólakerfinu tali á jákvæðan og uppbyggilegan hátt um starfið í menntakerfinu. Kennarar þurfa að styrkja ímynd sína með jákvæðri umræðu um

starfið. Þeir þurfa öfluga starfskenningu og vinna samkvæmt henni og vera duglegir að deila verkefnum sínum og fagmennsku hver með öðrum.

- Kannski þarf að skoða kennarastarfið með tilliti til starfsumhverfis og launa frá grunni. Þó svo að kjaramál kennara hafi verið þungamiðjan í umræðunni eru sífelldar breytingar á starfsumhverfi álagsvaldur.
- Samanburður vinnutíma og starfsskyldna milli leik- og grunnskóla óhagstæður leikskólunum og þarf að samræma.
- Bjóða ungu fólki í kennslustundir hjá kennurum sem brenna fyrir starfið sitt.
- Gera þarf sérstakt átak í þeim efnum að fjölga karlkennurum. Kynning á starfinu þarf að vera fyrr og kynningin þarf að vera rétt. Ekkert rétt við það að fá kynningu á hversu launaseðilinn skilar þér litlu þegar þú hefur nám í kennslufræðum. Áherslur starfsins og sterkar hliðar þess verða fáir meira vægi í umfjöllun.

4. Framkvæmd menntastefnu án aðgreiningar kallar á fjölþætta færni og hæfni þeirra sem að koma. Hefur hópurinn tillögur til ríkis og sveitarfélaga um það hvernig helst megi efla starfsþróun og starfshæfni þeirra sem vinna við menntun og uppeldi?

Fjölbreyttar lausnir komu upp í umræðum um þessa spurningu en algengast var að sjá áherslu lagða í auknum mæli á jafningjafræðslu og handleiðslu sem þyrfti að fá aukið vægi í starfsþróun. Þá var rætt um að meta þyrfti starfsþróun betur til launa, menntunarkaflar kjarasamninga væru ómögulegir, sveitarfélög ættu að gera námssamninga við starfsfólk í auknum mæli og námsleyfi þyrftu að verða sveigjanlegri.

Starfsþróun og starfshæfni

- Gefa tíma til starfsþróunar, sérstaklega á leikskólastigi, og fyrirkomulagið þarf að vera hvetjandi svo kennarar sjái ávinning af markvissri símenntun. Vantar að meta símenntun til launa betur en nú er gert. Menntunarkafli í kjarasamningi er ónýtur að mati hópsins.
- Taka upp launað kandiðatsár, sem verður hvati til þess að ljúka mastersnámi. Með því að fá kennaranema meira á vettvang skólanna eflist áhugi annarra kennara á starfsþróun.
- Framboð símenntunar þarf að vera fjölbreytt á tíma sem hentar kennurum, enda er kennarahópurinn fjarri því að vera einsleitur. Vantar t.d. námskeið sem eru 1-3 dagar.
- Auka þarf áherslu inni í skólum, innan og milli sveitarfélaga/landshluta á jafningjafræðslu og jafningjamati (vinaskólar) og tryggja þarf að þekking hverfi ekki við starfsmannabreytingar. Leita góðra fyrirmynda, sbr. Reykjanesbær. Hugmynd um launað „heimsóknarleyfi“ (skiptikennarar) til að geta heimsótt næsta skóla, lengra eða styttra, deila hugmyndum og komast að raun um hvað það er gott heima.
- Fara í þarfagreiningu meðal kennara, vekja áhuga þeirra á að efla sig og auka samstarf við atvinnulífið um starfsþróun. Símenntun felur í sér fleira en námskeið. Námskeið breyta ekki kennurum! Þjálfra tæknina og innleiðingu nýrra kennsluhátta.
- Sveitarfélög og ríki gætu reynt að setja upp hvatakerfi/námssamninga. Veita styrki til náms gegn því að fólk komi til baka og vinni í ákveðinn tíma, (líka til ófaglærðra starfsmanna). Byggir upp hollustu við sveitarfélagið og skólann.

- Væri jákvætt að hafa stærri handleiðsluhópa til að skoða verklag í hverjum skóla og hvað má betur fara. Símenntun getur farið fram í gegnum handleiðslu, t.d. varðandi nemendur með vandamál en þar gætu kennarar stutt hvora aðra og aðstoðað, handleiðsla er vannýtt auðlind og markþjálfun getur líka hentað.
- Skilmálar til námsleyfa þurfa að verða sveigjanlegri.
- Faglegt frelsi skólastjórnenda – og jafnvægi þarf milli faglegs starfs og fjármálaumsýslu.
- Fjölga þarf starfsdögum í leikskólum.
- Lengja skólaárið úr 180 kennsludögum í 200 og stytta skólavikuna í staðinn, sem gefur svigrúm til starfsþróunar á dagvinnutíma eða stytta vikulega vinnuskyldu gegn því að nýta sumartímann betur til símenntunar.
- Auka sameiginleg rannsóknarverkefni háskóla og skóla.
- Skipulag og bygging skólahúsnaðis taki mið af kröfum sem gerðar eru til menntunar án aðgreiningar. Korpuskóli og Norðlingaskóli dæmi um vel hannað húsnaði sem styður markmið stefnunnar.

5. Myndir þú hvetja þitt barn/barnabarn til þess að (gera kennslu að ævistarfi⁵) leggja fyrir sig kennslu? Hvaða rökum myndir þú helst beita í því skyni (með/móti)?⁶

Þessi spurning var mögulega ein sú snúnasta. Hún gerði þó ekki kröfu um neina sérstaka fagþekkingu eða innsýn í skólastarf umfram það sem allir höfðu reynt á eigin skinni. Hún gerði frekar kröfu til naflaskoðunar og heiðarleika í svörum. Hvað leggur fólk til grundvallar þegar það metur verðleika starfa? Langflestir töldu sig geta hvatt eigin afkomendur til að leggja stund á kennaranám ef áhugi væri til staðar og þeir eiginleikar sem starfið kallar á því ekki getur hver sem er orðið kennari. Hann þarf að vera skapandi og lausnamiðaður einstaklingur, „alls ekki rúðustrikaða týpan“, og elska börn til að sinna þessu starfi auk þess að vera góður í samskiptum. Svo væri námið svo fjölþætt og opnaði leiðir að fjölda starfa þó auðvitað væri líka áhyggjuefni hve margir færu til annarra starfa að loknu námi. Fram kom að námið þyrfti þó að verða miklu markvissara og betur tengt „raunheimum“.

Ekki voru þó allir jafn áfjáðir í að hvetja börn sín í kennaranám eins og gefur að skilja. Þeir nefndu að álagið sem starfinu fylgdi væri of mikið, atgangur foreldra, kaup og kjör og ýmislegt fleira.

Fyrst og fremst ættu þó börnin að elta drauma sína við val á námi og starfi.

⁵ Upphafleg framsetning spurningar var gagnrýnd því ekki ætti að tala um „ævistarfi“

⁶ Allir hópar fengu þessa spurningu til umfjöllunar

Það sem mælir með kennarastarfinu

- Þetta er fjölbreytt, sveigjanlegt, skemmtilegt, mikilvægt og gefandi starf. Besta aðstaðan til að móta samfélagið okkar og hafa áhrif á komandi kynslóðir. Mótun framtíðarinnar er í höndum kennarans sem alltaf verður til líka í framtíðarsamfélaginu.
- Hef ekki litið á klukkuna síðan ég byrjaði að vinna í skóla. Þetta er þrælskemmtilegt starf. Það er þetta kikk sem maður fær sem kennari þegar maður sér að nemendur eru að bæta við sig, það veitir manni vellíðan og er hvatinn til þess að hvetja aðra í námið til að fá að upplifa þetta. Hver vill ekki taka þátt í að móta, þroska og mennta börn og ungmenni framtíðarinnar? Þetta er lifandi starf, lifandi vinnustaður. Maður er aldrei að endurtaka gærdaginn. Það eru þessi áhrif sem maður getur haft á börn og þegar maður finnur þakklæti þeirra í garð kennarans, augnablikið þegar nemandinn uppgötvar eitthvað og þegar allir eru að vinna af áhuga og ánægju, ólýsanleg sæla. Verður að elska börn til að sinna þessu starfi og kunna að vera í samskiptum. Hugsjón og ástríða. Það er lífstíll að vera bóndi það er líka lífstíll að vera kennari. Eitt sinn kennari, ávallt kennari – ert kennari alls staðar. Langdrægt gefandi í persónulegum þroska. Kennarar hafa mikil áhrif á velferð barna og hafa samfélagslega ábyrgð.
- Starfsöryggi hvar á landi/í heimi (ef þú talar tungumálið) sem er og miklir möguleikar til starfsþróunar innan og utan kennarastarfsins. Svigrúm til að móta starfið sitt sjálfur og þroskast í starfi.
- Já, kennsla opnar möguleika á fjölbættum starfsferli. Kennarar eru víða, ekki bara við kennslu.
- Já, fjölskylduvænt starf. Góð aðstaða til að fylgjast með framvindu náms barna sinna.
- Nýútskrifaðir kennarar eiga að fá að kenna það sem þeir brenna fyrir og passa að drepa ekki eldmóðinn í nýútskrifuðum kennurum með úreltu efni eða aðferðum.
- Kennarar voru fagstétt!
- Það þarf að hvetja fólk til að kynna sér starfið í leikskólum, og finna það á eigin skinni hvað þetta er skemmtilegt.
- „Þrátt fyrir allt og allt þá myndum við hvetja börnin okkar til að gera kennslu að starfi sínu.“

Það sem mælir á móti kennarastarfinu

- Myndi væntanlega útskýra fyrir barninu mínu hversu mikið álag getur fylgt starfinu og hve mörg hliðarverkefni eru. Kennarar voru eitt sinn virtir í samfélaginu – eru það ekki lengur. Snýst um virðingu - að fara *bara* í kennaranám. Ekki mikil virðing virðing fyrir starfinu þegar talað er þannig. Erfitt starf og krefjandi, eins og önnur, ekki fyrir hvern sem er og fullt af fólki sem á ekki heima í stéttinni – eins og öðrum stéttum.
- Kjör og álag veldur því að jafningjahópur krakkanna vinnur einfaldlega gegn þessari umræðu. Leggjum of mikla áherslu á veraldleg gæði sem samfélag. Sambland af launum og starfsumhverfi sem veldur því að ungt fólk vill ekki gera þetta að ævistarfi enda kennarar „langt undir meðallaunum háskólamenntaðra“ þrátt fyrir launahækkanir. Aukinn ábati (lægri kennsluskylda t.d.) með hærri starfsaldri hefur verið saminn út.
- Flottur jeppi, flott hús – þú getur það ekki á kennaralaunum, samfélagslegt vandamál. Launin hafa svo sannarlega batnað en enn má gera betur. Hækka laun kennara í 800.000 kr. byrjunarlaun til þess hvetja börnin til að læra. Kennsla má ekki vera láglaunastarf.
- Krefjandi, löng viðvera inn á deild sbr. í leikskólum. Aðbúnaður og aðstæður er oft á tíðum ekki góðar.
- Umræður á FB-síðum, kennurum „slátrað“ á síðum sem eru þeim lokaðar.
- Búið að fletja kennaranámið of mikið út. Allir í öllu, fólk þarf að sérhæfa sig meira, ekki þurfa allir að verða miklir málfræðingar sem stunda kennslu.
- Það eru erfiðir tímar í öllum störfum, alls staðar eru áskoranir sem þarf að takast á við. Myndi aldrei mæla með einu starfi umfram annað.




NIÐURSTÖÐUR MATS ÞÁTTTAKENDA Á SKÓLAÞINGI 2017

Bakgrunnsupplýsingar

Starfsheiti	Fjöldi	Hlutfall
Sveitarstjóri / bæjarstjóri	5	4,2%
Kjörinn fulltrúi / Nefndarmaður	8	6,8%
Forstöðumaður skólaskrifstofu / Fræðslustjóri	13	11,0%
Starfsmaður skólaskrifstofu	17	14,4%
Grunnskólastjóri	28	23,7%
Leikskólastjóri	5	4,2%
Grunnskólakennari	12	10,2%
Leikskólakennari	0	0,0%
Annað starfsheiti	30	25,4%

Könnunin var send á 178 þátttakendur og af þeim svöruðu 118 sem merkir að svarhlutfall var 66%.


Af þeim sem svöruðu könnuninni voru grunnskólastjórar tæplega 24%. Kjörnir fulltrúar voru um 7% og forstöðumenn skólaskrifstofa/fræðslustjórar voru um 11% þátttakenda. Starfsmenn skólaskrifstofa voru rúm 14% þátttakenda.



Uppfylltu efnistöð væntingar þínar?

Svör	Fjöldi	Hlutfall
Já	97	84,4%
Nei	0	0,0%
Að hluta til	17	14,8%
Veit ekki/vil ekki svara	1	0,9%


Mikill meirihluti svarenda svaraði þessari spurningu játandi eða um 84% og um 15% svaraði á þann veg að efnistökin hefðu að hluta til uppfyllt væntingar. Einn þátttakandi vildi ekki svara



Hvernig fannst þér skipulag skólapingsins?

Svör	Fjöldi	Hlutfall
Mjög gott	71	61,7%
Gott	42	36,5%
Hvorki né	2	1,7%
Slæmt	0	0,0%
Mjög slæmt	0	0,0%
Veit ekki/vil ekki svara	0	0,0%


Á myndinni hér að neðan sést að yfirgnæfandi meirihluta, eða rúmlega 98%, fannst skipulag þingsins gott eða mjög gott. Einungis 1,7% hafði ekki skoðun á þessu. Fram kom í athugasemdum að einstaka taldi heppilegra að hafa meiri umræður í hópum en einnig kom fram ánægja með að taka fyrir tvö þemu sem fengu þá góðan tíma til umfjöllunar



Fannst þér aðstaðan fullnægjandi?

Svör	Fjöldi	Hlutfall
Já	107	93,0%
Nei	0	0,0%
Að hluta til	8	7,0%
Veit ekki/vil ekki svara	0	0,0%


Mikill meirihluti þátttakenda var ánægður með aðstöðuna á skólaþinginu en 93% svara á þann veg og 7% sögðu hana fullnægjandi að hluta. Svarendum var gefinn kostur á að koma með athugasemdir og nýttu tíu sér tækifærið. Flestar þeirra lutu að kulda í salnum (6) og hljóðvist í salnum (2).



Varstu ánægður með störf umræðuhópanna?

Svör	Fjöldi	Hlutfall
Já	102	88,7%
Nei	0	0,0%
Að hluta til	13	11,3%
Tók ekki þátt	0	0,0%
Veit ekki/vil ekki svara	0	0,0%


Mikil ánægja var meðal þátttakenda með umræðuhópana en tæp 89% voru ánægðir með störf þeirra. Um 11% þátttakenda sögðust vera ánægðir að hluta með störf umræðuhópanna. Ópið var fyrir ábendingar við þessa spurningu og bárust átta athugasemdir. Flestar sneru að því að umræður þóttu ekki nægilega markvissar (3) eða að tími fyrir umræður hafi verið of stuttur (3).



Fannst þér fyrirlestrar þingsins vera gagnlegir?

Svör	Fjöldi	Hlutfall
Já	93	83,0%
Nei	0	0,0%
Að hluta til	19	17,0%
Veit ekki/vil ekki svara	0	0,0%


Miklum meirihluta þótti fyrirlestrar þingsins vera gagnlegir eða 83% og 17% þátttakenda þóttu þeir gagnlegir að hluta. Fimm athugasemdir bárust við þessa spurningu og var m.a. bent á að vegna tímaskorts sem fyrirlestrar lentu í væri gagnlegt að koma aðalatriðum fyrir framfarlega í kynningu.



Fannst þér vanta umfjöllun eða erindi á dagskrá skólaþings?

Svör	Fjöldi	Hlutfall
Já	14	25,0%
Nei	42	75,0%


Um opna spurningu var að ræða og 56 þátttakendur svöruðu henni. Af þeim voru 75% þeirrar skoðunar ekki hafi vantað umfjöllun um neitt efni. Fjórdungur svarenda söknuðu einhverrar umfjöllunar og flestar athugasemdir lutu að því að umfjöllun hafi verið of grunnskólamiðuð.



Fannst þér einhverjum fyrirlestri ofaukið?

Svör	Fjöldi	Hlutfall
Já	16	26,7%
Nei	44	73,3%

Spurningin var opin og henni svöruðu 60 þátttakendur. Tæplega $\frac{3}{4}$ voru þeirrar skoðunar að engum fyrirlestri hafi verið ofaukið. Rúmum fjórðungi þótti einhverjum fyrirlestra skólaþings 2017 ofaukið. Í athugasemdum var erindi um vinnumat oftast nefnd (6) og erindi um Tröppu (5).




Hefur þú tillögur að umfjöllun á morgunverðarfundum sambandsins um skólamál?

Svör	Fjöldi	Hlutfall
Já	35	89,7%
Nei	4	10,3%

Spurningin var opin og henni svöruðu 39 þátttakendur. Óhætt er að segja að mikill meirihluti hafi haft tillögur að umfjöllun fyrir morgunverðarfundum þá sem sambandið heldur um skólamál árið 2018 eða á næsta skólaþingi árið 2019. Um 90% svarenda kom með ábendingar hér um.

Langflestar athugasemdir sneru að málefnum er tengjast skóla fyrir alla og áskoranir því tengt (14). Nýliðunarvandi í kennarastétt var einnig nefndur sem og lestur og lesskilningur.



Hve ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu í heildina með nýafstaðið Skólaping sveitarfélaga?

Svör	Fjöldi	Hlutfall
Mjög ánægð(ur)	58	51,8%
Ánægð(ur)	51	45,5%
Hvorki né	3	2,7%
Óánægð(ur)	0	0,0%
Mjög óánægð(ur)	0	0
Veit ekki/vil ekki svara	0	0

Að lokum voru þátttakendur spurðir út í heildarmat þeirra á þinginu. Rúmlega 97% þátttakenda svaraði því til að þeir væru ánægðir eða mjög ánægðir með nýafstaðið Skólaping sveitarfélaga. Tæplega 3% tóku ekki afstöðu til spurningarinnar.

